

Nd.

147. Nefndarótt

um frv. til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Minni hlutinn (Kl. J. og Sv. Ó.) leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en meiri hlutinn (H. K., J. K. og J. A. J.) leggur til, að frv. nái ekki fram að ganga.

Nefndin hefir að sjálfsögðu leitað álits vegamálastjóra. Telur hann ekki nægar ástæður til að taka þennan vegarkafli í tölu þjóðvega, þó heilsuhæli Norðlendinga verði bygt í Kristsnesi. Umferðin um þennan veg aukist ekki til verulegra muna, þó heilsuhæli með um 40 sjúklinga verði bygt þarna, og þá því síður, sem ekki er ætlast til, að flytja þurfi eldsneyti til hælisisins.

Hinsvegar telur vegamálastjóri, að eðlilegt væri og sanngjarnt, að ríkissjóður greiði kostnað við vegarlagningu af aðalveginum til hælisisins, svo og viðhald þess vegar, eins og gert var með veginn af Hafnarfjarðarveginum til Vífilsstaðahælisisins.

Vegamálastjóri áætla lauslega, að kostnaður við lagningu þessa vegar-spotta, sem er um 1 km., muni verða nál. 10 þús. krónur.

Meiri hlutinn leggur því til, að þessi upphæð, kr. 10000,00, verði veitt heilsuhæli Norðlendinga til nefndrar vegagerðar, svo fremi þetta frv. nær ekki fram að ganga.

Alþingi, 9. mars 1926.

Jón A. Jónsson,
form., frsm. meiriðhl.

Kl. Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Jón Kjartansson.

H. J. Kristófersson.